

Viðhengi 1 - Sigrún Jóhannsdóttir

Ég undirrituð vil mótmæla fyrirhugaðri áætlun um veru hesthúsasvæðis í Bjarnarstaðamýri. Ég tel að staðsetning svæðisins sé hættuleg fyrir reiðmenn og aðra vegfarendur vegna þess hve umlukið umferðagötum svæðið er.

Reynsla nágrannasveitafélaga er sú að hesthúsasvæði eigi ekki heima í íbúðahverfi heldur í útjaðri sveitafélaga, þetta á við um Reykjavík, Kópavog og Hafnarfjörð sem flutt hafa sín svæði.

Ég vil benda á umræður, á Facebook síðu sem íbúar Álftaness geta sett inn auglýsingar og athugasemdir, að lausir hestar virðast vera algeng athugasemd.

Ég vil einnig benda á að þegar að uppbygging svæðisins hófst var það að tilstuðlan páverandi sveitastjórnar – og nefndarmanna sem reistu sér bráðabirgða hesthús á landi sveitafélagsins. Síðar hafa verið framlengd stöðuleyfi í óþökk íbúa á svæðinu, og oftar en ekki mikil pólitísk átök í tengslum við málið.